

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 2. nóvember 2020 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Íslensk málstefna

Sjá fg. stj. ÍM 5/2020. Eins og komið hefur fram í fyrri fundargerðum er nú unnið að endurskoðun íslenskrar málstefnu til samræmis við breytta tíma. Stjórn Íslenskrar málnefndar ákvað að ráða ritstjóra til að vinna að útgáfu málstefnunnar og mun hann skila tillögum til stjórnarinnar.

### 2. Önnur mál

#### *a. Fundur með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis*

Sjá fg. stj. ÍM 5/2020. Ármann Jakobsson, Eva María Jónsdóttir og Ágústa Þorbergsdóttir sátu fjarfund 2. nóvember um málefni Íslenskrar málnefndar með Hildi Jörundsóttur og Laufeyju Kristjánsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Rætt var um ýmsa liði á aðgerðaáætlun með þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi ([þingsályktun 36/149, 2018–2019](#)).

#### *b. Fundur í fullskipaðri málnefnd*

Sjá fg. stj. ÍM 5/2020. Áætlað hafði verið að halda fund í fullskipaðri málnefnd í nóvember en sá fundur verður væntanlega ekki haldinn fyrr en í janúar á næsta ári.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:20.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.